

Mál nr. 413/2010

M

og

Vátryggingafélagið X v/forfallatryggingar ferðatryggingar greiðsluskorts

Afpöntun utanferðar 2010, í kjölfar aðgerðar sem framkvæmd var tæpum mánuði eftir að staðfestingargjald var greitt.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 27.12. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 31.01. 2011, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M pantaði utanferð 27.01. 2010 fyrir son sinn vegna fyrirhugaðrar þátttöku í knattspyrnuskóla, staðfestingargjald var greitt samdægurs. Tæpum mánuði síðar gekkst sonur hans undir aðgerð vegna meiðsla á vinstra hné. Vegna þessa þurfti að afpanta ferðina.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu. Hann telur að atvikið falli undir ákvæði skilmála sem kveður á um greiðsluskyldu ef ástæðan er "líkamsmeiðsl".

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til greinar í skilmálum vátryggingarinnar sem segir: Vátryggingin bætir ekki tjón vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma, sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt.

Samkvæmt læknisvottorði á árinu 2010 fór fyrst að bera á einkennum í vinstra hné sonar M árið 2009 og leitaði hann til læknis í maí 2009 vegna þessa sbr. fyrirliggjandi gögn. Í ljósi fyrirliggjandi gagna telur félagið að atvikið eigi undir nefnda undanskila áhættu þess.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Fallist er á það sjónarmið vátryggingafélagsins að sonur M hafi átt við veikindi að stíða sem hann hafi þjáðst af og verið í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. febrúar 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.